



Lykilupplýsingaskjal

Stýring B - Framtíðarauður

Tilgangur

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Þetta er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Stýring B - Framtíðarauður

Framtíðarauður er séreignarsparnaður Íslandsbanka, Íslandsbanki hf, kt. 491008-0160

Sími 440 4000, tölvupóstur sereign@íslandsbanki.is

www.islandsbanki.is/is/flokkur/sparnadur/sereignarsparnadur

Framtíðarauður er séreignarsparnaður samkvæmt lögum nr. 129/1977 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Íslandsbanki er vörsluaðili Framtíðarauðs. Íslandsbanki hf er með starfsleyfi sem viðskiptabanki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Lykilupplýsingarskjal þetta er dagsett 30.04.2024.

Þú ert við það að gera samning um afurð sem er ekki einföld og erfitt gæti verið að skilja.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Fjárfestingarleið séreignarsparnaðar sem tekur við iðgjaldi vegna viðbótartrygginaverndar. Stýring B er ein af 5 blönduðum stýringarleiðum Framtíðarauðs, séreignarsparnaðar Íslandsbanka, og er hún hluti af Ævileið Framtíðarauðs. Inneign færir á milli stýringarleiða E til A eftir aldri. Minni áhætta og sveiflur eftir því sem nær dregur eftirlaunum. Aldursbil leiðar er 61 til 64 ára.

Markmið

Markmið Stýringar B er að ná góðri áhættudreifingu og skila stöðugri ávöxtun með fjárfestingum í innlánunum fjármálafyrirtækja, verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfum, hlutabréfa auk erlendra verðbréfa.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Stýring B hentar þeim sem þola einhverjar sveiflur í ávöxtun á séreignarsparnaði sínum, til dæmis þeim sem eru komnir á seinni hluta starfsævinnar. Leiðin er hluti af ævileið og hentar þeim sem eru á aldrinum 61-64 ára eða vilja takmarkaða áhættu. Engin lokadagsetning er á afurðinni. Samningur um séreignarsparnað er uppsægjanlegur af hálfu beggja aðila með 2 mánaða fyrirvara. Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar inneignar. Sjóðfélagar geta flutt inneign milli fjárfestingaleiða eða annara vörsluaðila séreignarsparnaðar.

Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

Allar fjárfestingar bera með sér áhættu. Í Stýringu B er það skuldara-, vaxta- og markaðsáhætta auk gjaldmiðaaáhætta að hluta. Reynt er að draga úr þessum áhættuþáttum með góðri eignadreifingu.

Áhættuvísir

Samantekin áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að við munum ekki geta greitt þér.

Þessi afurð hefur verið flokkuð sem 2 af 7 þ.e.a.s. lágur áhættuflokkur.

Þetta metur hugsanlegt tap af framtíðarárangri með lágu stigi og slakar markaðsaðstæður eru ólíklegar til að hafa áhrif á getu okkar til að greiða þér.



Minni áhætta

Meiri áhætta

Yfirleitt lægri ávöxtun

Yfirleitt hærri ávöxtun

Áhættuvísirinn gengur út frá því að þú haldir afurðinni í 5 ár. Raunveruleg áhætta getur verið afar mismunandi ef innleyst er snemma og þá má búast við að fá minna til baka.

Árangurssviðsmyndir

Stýring B

Árleg fjárfesting uppá kr. 100.000 kr.

Sviðsmyndir		1 ár	5 ár	10 ár
Álagssviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	95.000	477.000	930.000
	Meðalávöxtun á ári	-5,23%	-1,59%	-1,33%
Óhagstæð sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	100.000	522.000	1.104.000
	Meðal ársávöxtun	-0,16%	1,42%	1,80%
Hóflæg sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	103.000	542.000	1.162.000
	Meðal ársávöxtun	2,72%	2,71%	2,71%
Hagstæð sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	106.000	564.000	1.223.000
	Meðal ársávöxtun	5,65%	4,02%	3,63%
Uppsöfnuð fjárfest fjárhæð kr.		100.000	500.000	1.000.000

Þessi tafla sýnir féð sem þú gætir fengið til baka á næstu 10 árum samkvæmt mismunandi sviðsmyndum, að því gefnu að þú fjárfestir 100.000 kr. á ári. Sviðsmyndirnar varpa ljósi á hver árangur fjárfestingar þinnar gæti verið. Þú getur borið þær saman við sviðsmyndir annarra afurða. Sviðsmyndirnar sem settar eru fram eru mat framtíðarárangurs sem byggður er á gögnum úr fortíðinni um hve mikið verðmæti þessarar fjárfestingar breytist en ekki nákvæmur mælikvarði. Það sem þú færð veltur á því hvernig markaðurinn starfar og hve lengi þú heldur fjárfestingunni/afurðinni. Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður og hún tekur ekki tillit til aðstæðna þegar við getum ekki greitt þér. Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar sem getur einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

Hvað gerist ef fjárfestingarleiðin Stýring B hjá Framtíðarauði getur ekki greitt út ?

Rétthafi getur orðið fyrir fjárhagstjóni ef ekki er hægt að greiða út séreignarsparnaðinn í heild eða að hluta. Inneign í þessari fjárfestingarleið fellur ekki undir ábyrgð Tryggingasjóðs Innstæðueigenda og Fjárfesta samkvæmt lögum nr. 98/1999 né önnur bóta- eða ábyrgðarkerfi.

Hver er kostnaðurinn?

Lækkun á ávöxtun (RIY) sýnir hvaða áhrif heildarkostnaður sem þú greiðir muni hafa á ávöxtun sem þú kannt að fá af fjárfestingunni. Í heildarkostnaði er tekið tillit til einskiptiskostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar.

Fjárhæðirnar sem sýndar eru hér eru uppsafnaður kostnaður afurðarinnar sjálfrar í þrjú mismundandi fjárfestingartímabil m.v. hóflega sviðsmynd. Ekki er gert ráð fyrir flutningi til annars vörsluaðila en þá breytist kostnaður.

Kostnaður yfir tíma

Aðili sem selur eða veitir ráðgjöf um þessa afurð kanna að innheimta gjald vegna annars kostnaðar. Ef svo er, mun aðili þessi veita þér upplýsingar um þennan kostnað og sýna þér hvaða áhrif allur kostnaður mun hafa á fjárfestingu þína yfir tíma.

Fjárfesting: 100.000 kr. á ári	Stýring B		
Ef innleysir eftir (ár):	1	5	10
Heildarkostnaður	882	4.658	9.982
Áhrif á ávöxtun á ári (RIY)	0,86%	0,86%	0,86%

Samsetning kostnaðar

Taflan hér að neðan sýnir:

- Árleg áhrif af mismunandi tegundum kostnaðar við ávöxtun fjárfestingar sem þú gætir þurft að greiða í lok ráðlags fjárfestingartíma.
- Merking mismunandi kostnaðarflokka.

Tafla þessi sýnir áhrifin á hagnaðinn á hverju ári – Stýring B

Stakur kostnaður	Inngöngukostnaður	0,00%	Áhrif kostnaðar sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar.
	Útgöngukostnaður	0,00%	Áhrif kostnaðar við að innleysa fjárfestingu þína þegar hún fellur í gjalddaga.
Viðvarandi kostnaður	Viðskiptakostnaður eignasafns	0,05%	Áhrif kostnaðar við að kaupa og selja undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina.
	Annar viðvarandi kostnaður	0,81%	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínum og kostnaðurinn sem er settur fram í II. þætti.
Aukakostnaður	Árangurstengdar þóknanir	0,00%	Áhrif árangurstengdra þóknana.
	Hlutdeild í hagnaði	0,00%	Áhrif hlutdeildar í hagnaði.

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Hentugur fjárfestingartími er 3 ár eða lengur.

Séreignarsparnaður er afurð fyrir einstaklinga frá 16 ára aldri til 70 ára, launþegi greiðir að hámarki 4% af launum og fær alla jafnan móttframlag frá launagreiðanda 2%, fer eftir kjarasamningi hvers og eins.

Viðbótarlífeyrissparnaður er laus til úttektar við 60 ára aldur eða við fráfall. Hægt er að óska eftir eingreiðslu, mánaðarlegum eða árlegum greiðslum. Verði réttihafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100%, á hann rétt á að fá viðbótarlífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á 7 árum eða lengri tíma. Árleg útborgun skal lækka og úttektartími lengjast í hlutfalli við lækun örorkuprósentu.

Erlendir ríkisborgarar utan EES geta sótt um að fá viðbótarlífeyrissparnað útgreiddan m.v. stöðu inneignar á útgreiðsludegi, þegar þeir flytja frá Íslandi.

Þann 1. júlí 2017 tóku gildi lög um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Heimilt er að taka út séreignarsparnað skattfrjálst, annað hvort til fasteignakaupa eða til að greiða inn á húsnæðislán. Hver og einn getur nýtt úrræðið í 10 ár. Úrræðinu er ætlað að styðja við þá sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign.

Flutningur inneignar milli fjárfestingaleiða Framtíðarauðs er án kostnaðar tvisvar á ári en 0,5% ef flutt er oftár. Flutningur til annara vörslaðila er 0.5% af fluttri inneign þó að lágmarki kr. 5.000.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun vegna Framtíðarauðs séreignarsparnaðar Íslandsbanka með tölvupósti á sereign@islandsbanki.is í síma 440 4000 eða í bréfpósti á heimilisfangið Hagasmári 3, 201 Kópavogur.

Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Á heimasíðu Íslandsbanka má nálgast yfirlit yfir ávöxtun, eignasamsetningu stýringarleiða, fjárfestingarstefnu Framtíðarauðs ásamt reglum Framtíðarauðs.